

Háskólinn á Akureyri

Félagsvísinda- og lagadeild

Fjölmiðlafræði

2006

Íslenskt sjónvarp ?

-Hvert er hlutfall íslensks efnis í sjónvarpi ?

Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir

Jón Stefán Jónsson

Lokaverkefni félagsvísinda- og lagadeild

Háskólinn á Akureyri

Félagsvísinda- og lagadeild

Fjölmiðlafraði

2006

Íslenskt sjónvarp ?

-Hvert er hlutfall íslensks efnis í sjónvarpi ?

Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir

Jón Stefán Jónsson

Lokaverkefni til 90 eininga B.A.-prófs í Félagsvísinda- og lagadeild.

Leiðbeinandi: Kjartan Ólafsson

Yfirlýsingar

A) Við lýsum því hér með yfir að við ein erum höfundar þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.

Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir

Jón Stefán Jónsson

B) Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A-prófs í Félagsvísinda- og lagadeild.

Kjartan Ólafsson

Útdráttur

Í þessari rannsókn er íslensk dagskrárgerð kortlögð með því að skoða þær þrjár sjónvarpsstöðvar sem hafa hlutfallslega mesta áhorfið samkvæmt könnunum, en þær eru Ríkissjónvarpið, Stöð 2 og Skjár Einn. Ein megin ástæða þess að ákveðið var að ráðast í þessa rannsókn var sú að búa til greiningarramma sem hægt væri að nota í stærri rannsókn sem tæki til fleiri daga en þess eina sem tekinn var fyrir til prófunar á greiningarrammanum. Æskilegt væri auðvitað að hafa fleiri daga í úrtaki við gerð svona rannsókna til þess að alhæfingargildi væri meira út frá niðurstöðum, en gengið er út frá því í niðurstöðum í þessari rannsókn að einn dagur nægi til að alhæfa út frá. Framkvæmd rannsóknarinnar var á þá leið að einn dagur var tekin fyrir, dagskráin tekin upp með myndbandstæki. Síðan var hún flokkuð niður í þar til gert Excel skjal, sem var unnið úr í tölfræðiforritinu SPSS. Loks voru búnar til töflur yfir helstu niðurstöður sem birtast í rannsókninni. Niðurstöðurnar greina frá raunverulegu hlutfalli efnisflokka í íslensku sjónvarpi og kom þar í ljós að mikill munur er á sjónvarpsstöðvunum þegar kemur að því efni sem sýnt er. Einnig kom í ljós hvaða tungumál heyrir þar oftast og sýndu niðurstöðurnar að enska er ráðandi en ekki íslenska. Þegar skoðað var frá hvaða löndum efnið er framleitt kom því ekki á óvart að mest af því er framleitt í Bandaríkjunum. Ein athyglisverðasta útkoman var þó eflaust að erlent efni er í meirihluta í íslensku sjónvarpi sem setur hið íslenska augljóslega í minnihluta. Fleiri rannsókna er þörf á þessu sviði til að auka vitneskju fólks á þessum atriðum, það er mikilvægt að fólk viti hvað býr að baki þess stóra afþreyingarmiðils sem sjónvarpið er.

Abstract

Here are the Icelandic TV programs researched by looking at the three most watched television stations according to surveys; they are *Ríkissjónvarpið*, *Stöð 2* and *Skjár Einn*. One of the main reasons for doing this research was to make a frame for analysis which could be used in greater research where more than just one day would be tested using that frame. Of course this would be more accurate if the sample contained more than just one day, but in the results it is assumed that just one day is enough.

The research was performed while a complete day was recorded on a videotape. A list of programs was then sorted in an Excel folder, which was later processed with the computer program SPSS. Finally, some tables were made over the main results that appeared in the file. The results detail the real ratio of programs in Icelandic television and they show that there is a huge difference between the three television stations when it comes to the programs that they choose to show. The results also show which language is most used in Icelandic television: English and not Icelandic. When the production countries of the programs were viewed, it was therefore not surprising that the results showed that most of the programs are produced in the United States of America.

One of the most surprising outcomes was that Icelandic television consists mostly of foreign programs, indicating that Icelandic productions are programmed less than the foreign ones. More research is needed related to this fact in order to increase the people's knowledge regarding this matter. It is important that people understand what is behind the programming decisions of the big entertainment media that television is.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Kafli 1: Inngangur	2
Kafli 2: Söguleg reifun viðfangsefnisins	5
2.1 Upphaf sjónvarps	5
2.2 Upphaf sjónvarps á Íslandi	5
2.3 Ríkissjónvarpið	6
2.4 Staða íslenska sjónvarpsins	9
2.5 Stöð 2	10
2.6 Skjár 1	13
Kafli 3: Aðferð og fræðilegur bakgrunnur	15
3.1 Lýsing á aðferðum	15
3.2 Skilgreiningar á hugtökum greiningarrammans	19
Kafli 4: Úrvinnsla og niðurstöður	27
4.1 Hlutföll efnisatriða í íslensku sjónvarpi	27
4.2 Tungumál í íslensku sjónvarpi	32
4.3 Framleiðslulönd efnis í íslensku sjónvarpi	38
4.4 Hlutfall íslensks og erlends efnis í íslensku sjónvarpi	41
Kafli 5: Umræður og lokaorð	45
Heimildaskrá:	49

Kaflí 1: Inngangur

Sjónvarp á Íslandi er tiltölulega ungt sé miðað við flest önnur vestræn lönd. Sjónvarpsútsendingar Ríkissjónvarpsins hófu göngu sína árið 1966 en áður hafði hið svokallaða Kanásjónvarp verið á Íslandi í nokkur ár. Kanásjónvarpið var á vegum Bandaríska hersins og voru útsendingar þess að sjálfsögðu á ensku. Ekki voru allir sáttir við Kanásjónvarpið, mörgum þótti ekki æskilegt að sjónvarpsstöð erlends ríkis væri sú eina á Íslandi. Sú hugsun tengist eflaust þjóðernisvitund okkar Íslendinga. Þetta varð einn af hvötum þess að farið var út í að stofna íslenskt sjónvarp. Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á að sem mest af efni í íslensku sjónvarpi sé íslenskt og með íslensku tali. Ef til vill má rekja þessa miklu áherslu á innlent efni til deilnanna um Kanásjónvarpið, en deilurnar um það eiga sér djúpar rætur í samfélagsgerð og menningu á Íslandi.

Íslenskt efni og dagskrárgerð í íslensku sjónvarpi hafa töluvert verið rædd í þjóðfélaginu og er það ein af aðal kveikjum þeirrar rannsóknar þessarar. En hún fjallar um ítarlega kortlagningu dagskrár og efnis hjá þremur stærstu sjónvarpsstöðvum Íslands.

Umfang verkefnisins leyfir ekki jafn ítarlega skoðun á þessu viðfangsefni og æskilegt væri. Í raun er ætlunin í þessari rannsókn að annarsvegar smíða einskonar greiningarramma fyrir rannsókn sem hægt væri að framkvæma á stærri máta og hins vegar að sjá hvers konar niðurstöður má fá með þessari nálgun. Tekinn verður fyrir einn sjónvarpsdagur hjá áðurnefndum sjónvarpsstöðvum og hann rannsakaður nákvæmlega, því ferli er nánar lýst í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur. Ætlunin með því að taka fyrir einn sjónvarpsdag er einungis að prófa greiningarramman, niðurstöðurnar eru í raun ekki aðalatriðið. Það verða þó að sjálfsögðu settar fram niðurstöður út frá skoðun þessa eina dags og gengið út frá því

að eins dags úrtak sé nóg. Þessi atriði er nauðsynlegt að hafa í huga við skoðun á þessari rannsókn.

Þó svo að niðurstöðurnar í þessari rannsókn séu ekki aðal atriðið eins og áður hefur verið minnst á, eru hér settar fram spurningar sem nota mætti við prófun greiningarrammans og þær tengdar þeim sögulega og fræðilega grunni sem efnið fjallar um þ.e.a.s. á sviði íslenskrar dagskrárgerðar og íslensks sjónvarpsefnis. Megin markmið þessara spurninga er að leiða hugann að því hvernig hugsanlega má meta hlut íslensks efnis í íslensku sjónvarpi. Spurningarnar eru: Hvert er hugsanlegt hlutfall mismunandi efnisflokka í íslensku sjónvarpi? Hvaða tungumál heyrir oftast í íslensku sjónvarpi? Frá hvaða helstu framleiðslulöndum er efnið í íslensku sjónvarpi? Hvað þarf efni að uppfylla til að vera íslenskt? Hvert er hugsanlegt hlutfall íslensks og erlends efnis í íslensku sjónvarpi?

Til að svara þessum spurningum á sem skilmerkilegastan hátt er nauðsynlegt að hafa allar skilgreiningar á því sjónvarpsefni sem skoðað er á hreinu, ásamt því að vita sögulegt samhengi þess af hverju íslenskt sjónvarpsefni skiptir svo miklu máli. Því er í þessari rannsókn að finna sérstakan kafla um sögulega reifun viðfangsefnisins, þar sem það er sett í samhengi við söguna og hún rakin. Sá kafla er svo settur í samhengi við rannsóknina í kafla um aðferð og fræðilegan bakgrunn, ásamt því að þar er að finna ýmsar skilgreiningar sem eins og áður sagði er nauðsynlegt að hafa í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar. Í kafla um úrvinnslu gagna og niðurstöður, er gerð tölfraðileg úttekt á því efni sem safnað er á þessum degi, sem til rannsóknar er, á íslensku sjónvarpsstöðvunum ásamt því að helstu niðurstöður eru kynntar. Að lokum er svo efnið rætt í kafla um umræður og lokaorð.

Með þessu er ætlunin að varpa skýru ljósi á hvað í rauninni við erum að horfa á þegar við horfum á íslenskt sjónvarp. Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir af

Þessu tagi á Íslandi þó að vissulega hafi Hagstofa Íslands haldið til hagsýmsum mikilvægum upplýsingum um sjónvarpsmarkaðinn. Hér verður hins vegar prófaður greiningarrámmi sem athyglisvert er að sjá hvort að virkar og gæti orðið undirstaða að stærri rannsókn á þessu sviði.

Kafli 2: Söguleg reifun viðfangsefnisins

2.1 Upphaf sjónvarps

Skotinn John Logie Braid var einn af frumkvöðlum þess að finna upp sjónvarpið. Honum tókst árið 1924 að hanna vélrænt kerfi sem gat flutt mynd milli tveggja staða í sama herbergi. Á svipuðum tíma þróaði Vladimir Zworykin, í Bandaríkjunum, vélrænt kerfi í rafrænt en með því kerfi var hægt að breyta myndunum. Árið 1935 hafði þýskt fyrirtæki náð að bæta kerfið sem varð til þess að reglubundnar útsendingar í Þýskalandi hófust. Í Bretlandi hófust útsendingar ári síðar og Bandaríkin fylgdu í kjölfarið (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Þegar síðari heimstyrjöldin skall á urðu tafir á útbreiðslu sjónvarpsins, þar sem mörgum löndum þótti mikilvægara að framleiða stríðsgögn en sjónvarpsefni. Um leið og stríðinu var lokið hófust útsendingar að nýju í þessum löndum. Sjónvarpsstöðin BBC byrjaði t.a.m. sína útsendingu á nákvæmlega sama stað og frá var horfið sex árum áður, inni í mynd með Mikka mús (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

2.2 Upphaf sjónvarps á Íslandi

Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri, var fyrstur til að setja fram þá hugmynd að koma sjónvarpi á legg á Íslandi, en það var á árunum 1953-1954. Hugmyndin hans var í þá átt að á 25 ára afmæli útvarpsins árið 1955 yrði tilraunasjónvarp kynnt fyrir þjóðinni, en sú hugmynd fékk engan hljómgrunn hjá stjórnvöldum. Þessi sömu stjórnvöld veittu þó bandarísku herstöðinni í Keflavík leyfi til sjónvarpsútsendinga stuttu seinna sem varð síðan til þess að sjónvarpi var komið á í landinu fyrr en ella. Leyfið sem herstöðin fékk var fyrir því að reka litla sjónvarpsstöð einungis fyrir hermenn en það skilyrði var sett að sjónvarpsgeislanum yrði ekki beint til

Reykjavíkur. Móttökuskilyrði á höfuðborgarsvæðinu voru því það léleg að fólk var ekki að leitast mikið við að ná sendingunum frá Kanasjónvarpinu. Þrátt fyrir það kom fram í lesendadálki Vísis í október 1960 að sjónvarpsviðtækjum færi fjölgandi í borginni (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Þann 13. apríl 1961 var veitt heimild til stækkunar á sjónvarpstöðinni á Keflavíkurflugvelli úr 50 wöttum í 250 wött. Útsendingar náðust vel á höfuðborgarsvæðinu og um allt Faxaflóasvæðið og því gátu þeir sem fjárfestu í sjónvarpstækjum og loftnetum horft á þessar útsendingar. Þetta varð til þess að fjölmargir Íslendingar fengu sér sjónvarpstæki. Upp úr þessu urðu miklar deilur í landinu á árunum 1961 – 1966 um hvort ætti að leyfa slíka starfsemi á Íslandi, þar sem sjónvarpið var bandarískt og sýndi því aðeins bandarískt efni (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Í raun má segja að þjóðin hafi skipst í fernt í deilunum um Kanasjónvarpið og spurningar voru um það hvar tryggð fólks lægi. Fólk var þá ýmist með eða á móti því að hafa bæði herinn og sjónvarpið hérna. Svo voru sumir sem voru á móti því að hafa Kanasjónvarpið en með því að hafa herinn í landinu. Enn aðrir vildu halda Kanasjónvarpinu en voru á móti því að hafa herinn. Þessar deilur urðu til þess að hraða komu íslenska sjónvarpsins (Þorbjörn Broddason, 1996).

2.3 Ríkissjónvarpið

Haustið 1963 ákvað ríkisstjórnin að undirbúningur skildi hafinn að íslensku sjónvarpi. Í bókinni Nýjustu fréttir er talað um að Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra hafi skipað nefnd til að gera tillögur og skilaði hún álitum í mars 1964. Þar var gert ráð fyrir því að útsendingartími yrði á bilinu 3-4 klukkustundir á dag alla daga vikunnar strax í byrjun. Auk þess yrði eitthvað um endursýningar og

íslenskt efni ætti ekki að vera undir 40 prósentum (Sjónvarpsnefnd, 1964).

Ríkisútvarpið fékk það verkefni að koma öflugri íslenskri sjónvarpsstöð á laggirnar.

Sjónvarpsstöðin fékk tekjur af innflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og Pétur

Guðfinnsson var ráðinn framkvæmdastjóri, hann var því fyrsti starfsmaður

sjónvarpsins (Guðjón Friðriksson, 2000).

Ríkissjónvarpið hóf útsendingar 30. september 1966 en þar sem það var dýrt að koma því af stað, tók undirbúningurinn tvö ár. Þrátt fyrir að Ríkissjónvarpið hafi þarna verið formlega opnað var um tilraunasjónvarp að ræða en heimildunum ber ekki saman um hvort það hafi verið sjónvarpað tvö eða þrjú kvöld í viku til að byrja með.

Á þessum tíma voru margir Íslendingar orðnir vanir sjónvarpi þar sem þriðja eða fjórða hvert heimili í Reykjavík hafði sjónvarp og þar sem ekki var til sjónvarp var algengt að fólk færi í heimsóknir hjá ættingjum og vinum sem höfðu sjónvarp til að horfa á. Eftir að íslenska sjónvarpið var orðið að veruleika var áhuginn svo mikill að raftækjaverslanir höfðu vart undan eftirspurn og slegist var um sjónvarpstækin sem komu í búðirnar (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Eins og við má búast hefur dagskráin í sjónvarpinu breyst töluvert í gegnum áratuginna. Fyrsta dagskrá ríkissjónvarpsins innihélt sjö dagskrárliði:

- Ávarp Vilhjálms Þ. Gíslasonar, útvarpsstjóra.
- Blaðamannafundur með Bjarna Benediktssyni, forsætisráðherra.
- Kvikmynd Ósvalds Knudsens um Íslendingabyggðir á Grænlandi.
- Í skáldatíma með Halldóri Laxness sem las kafla úr sögu sinni Paradísaheimt.
- „Það er svo margt ef að er gáð“. Tónlistarþáttur með Savannatríóinu.
- „Dýrðlingurinn“ (The Saint) með breska leikaranum Roger Moore í aðalhlutverki.

- Fréttayfirlit vikunnar (Petersson og Pettersson, 2000).

Þróun sjónvarpsins á Íslandi var frekar hæg til að byrja með en dögnum fjölgaði samt hægt og bítandi með tímanum, þeir urðu fjórir árið 1967 og árið 1968 fjölgaði þeim í sex. Þó að fréttaflutningur hefði að ýmsu leyti verið frumstæður til að byrja með, miðað við það sem síðar varð, hafði sjónvarpið þau áhrif að það rauf einokun flokksfjölmiðla á skoðanamyndun. Það var ekki fyrr en árið 1968 að fréttatíminn í Ríkissjónvarpinu var farinn að veita öðrum fjölmiðlum samkeppni en dagskráin var samt frekar stutt alla daga nema á sunnudögum vegna þess að þá var barnatíminn einnig sýndur. Þættirnir „Stundin okkar“ og „Nýjasta tækni og vísindi“ hófu fljótlega göngu sína í sjónvarpinu og hafa þeir verið þeir lífseigustu í sögu sjónvarpsins fyrir utan fréttirnar. „Stundin okkar“ er meira að segja ennþá á dagskrá Ríkissjónvarpsins, en hætt var að sýna „Nýjustu tækni og vísindi“ fyrir nokkrum árum síðan (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Menn biðu mjög óþreyjufullir eftir því að útsendingar Ríkissjónvarpsins myndu nást um allt land og áætlunum sem gerðar höfðu verið um uppbyggingu þess var því hraðað og lokið að mestu leyti árið 1971. Á þeim tíma var Ríkissjónvarpið að vinna sig í sessi sem áhrifamesti fjölmiðill landsins. Það tók aðeins fyrstu fimm árin eftir að Ríkissjónvarpið hóf útsendingar að tala sjónvarpstækja í landinu kæmist í 48 þúsund og var því orðin eitt tæki á rúmlega fjóra íbúa, það var því orðin undantekning ef að heimili hafði ekki sjónvarp (Guðjón Friðriksson, 2000).

Allt til ársins 1985 voru engar sjónvarpsútsendingar í júlímánuði vegna sumarfría nema með einni undantekningu árið 1982 þegar heimsmeistaramótið í knattspyrnu fór fram á Spáni. Úrslitaleikirnir á mótinu voru háðir í júlí og menn voru ekki sáttir þegar Ríkissjónvarpið tók sér sitt árlega frí. Það var því opnað fyrir úrslitaleikinn og var hann þá sýndur í beinni útsendingu. Fimmtudagarnir voru einnig sjónvarpslausir til

ársins 1987 og á þeim tíma voru þó nokkrir sem vissu ekki hvað þeir áttu af sér að gera á fimmtudagskvöldum. Öðrum fannst þetta hins vegar vera finasta hvíld frá sjónvarpsglápinu og enn þann dag í dag er til fólk sem væri til í að koma þeirri hefð á aftur (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

2.4 Staða íslenska sjónvarpsins

Hin Norðurlöndin voru um tíu árum á undan Íslandi að byrja sínar sjónvarpsútsendingar og var Ísland því frekar langt á eftir öðrum þjóðum í þróun sjónvarpsins. Einnig var litasjónvarp búið að vera til hjá nágranna löndum Íslands í nokkur ár áður en það kom til landsins á árunum 1976 – 1977. Reglulegar litaútsendingar á íslenskum þáttum úr upptökusal hófust þann 30. september 1977 og í ágúst ári síðar fóru kvikmyndatökumenn að taka upp efni á litfilmum (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Þar sem þróun sjónvarps á Íslandi var hægari en annars staðar voru nágrannalöndin okkur fremri á mörgum sviðum. Það má taka það sem dæmi að leikir í ensku knattspyrnunni höfðu verið sýndir beint í mörg ár í löndunum í kring áður en farið var að sýna þá beint á Íslandi. Leikirnir voru um viku gamlir þegar íslendingar fengu að sjá þá fyrst um sinn. Það var lítið um beinar útsendingar í Ríkissjónvarpinu til að byrja með og þær fáu beinu útsendingar sem voru sýndar, fóru fram innan veggja sjónvarpshússins. Sú fyrsta þeirra hér á landi var blaðamannafundur í sjónvarpssal þann 14. október 1966 en þar sat Þór Guðjónsson veiðimálastjóri fyrir svörum. Í júní 1980 var íþróttaviðburð í fyrsta skipti sjónvarpað beint utan sjónvarpssalar á Íslandi en það var frá íþróttahátíð á Laugardalsvelli (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Þann 30. mars 1982 var stigið stórt skref í fréttasögu sjónvarpsins þegar dagleg móttaka fréttamynda um gervihnött hófst hjá íslenska sjónvarpinu. Íslendingar voru samt sem áður þó nokkuð á eftir öðrum þjóðum í því að senda sjónvarpsefni á milli landa þar sem það hafði tíðkast í öðrum löndum frá árinu 1964. Fyrsta beina útsendingin frá útlöndum var á aðfangadagskvöld árið 1981 en þá var jólapáttur sýndur beint frá Betlehem (Guðjón Friðriksson, 2000).

Á Íslandi höfum við staðið langt að baki nágrannalöndum okkar þegar kemur að innlendu efni í sjónvarpi enda er það dýrt og markaðurinn lítill. Innlent efni hefur aldrei náð því að vera 40 % af allri dagskrá Ríkissjónvarpsins sé hvert starfsár skoðað fyrir sig, en þetta er með því lægsta sem þekktist í hinum vestræna heimi. Þegar skoðuð er tafla úr bókinni Fjölmiðlafræði, sem sýnir innlent efni á dagskrá norrænna opinberra sjónvarpsstöðva árið 1997, frá Hagstofunni, var Ísland með 27 % af sínu efni innlent en Finnland sem var næst fyrir ofan með 52 % af sínu efni innlent. Svíþjóð var þar með mest, 74 % af efninu þar var innlent (Pettersson og Pettersson, 2000).

2.5 Stöð 2

Fyrirtækið Kapalsjónvarp h.f., í eigu Jóns Óttars Ragnarssonar og Hans Kristjáns Árnasonar var stofnað þann 6. janúar 1985 eða réttu ári áður en löggin um afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins gengu í gildi. Þeir komust fljótt að því að sjónvarp rekið eingöngu með auglýsingatekjum stæði ekki undir sér þannig að einkasjónvarpsstöð þyrfti einnig að hafa áskriftargjöld á svona litlum markaði. Sjónvarpsstöðin Canal Plus, var helsta fyrirmynd að Stöð 2, en þar voru notaðir myndlyklar eða „afruglarar“ til að opna dagskrána fyrir áskrifendur stöðvarinnar. Það var ákveðið að senda

fréttatímamann út óruglaðan þannig að allir gátu séð hann, en þá hugmynd fengu þeir frá Canal Plus til að lokka til sín áskrifendur (Guðjón Friðriksson, 2000).

Undirbúningur að nýju sjónvarpsstöðinni var í fullum gangi sumarið 1986. Sú ákvörðun var tekin að boðið yrði upp á fréttabjónustu og var því komin samkeppni við Fréttastofu Ríkissjónvarpsins. (Guðjón Friðriksson, 2000).

Stöð 2 hóf útsendingar sínar 9. október 1986. Meðan allt var á fullu í undirbúningi og óvissa var um hvort tækist að byrja á settum tíma, kom sú fregn í hús að tveir valdamestu menn heimsins, Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna og Mikael Gorbatsjov, leiðtogi Sovétríkjanna, myndu hittast í Reykjavík til að ræða afvopnunarmál. Fyrsta útsending Stöðvar 2 fjallaði því að mestu leyti um þennan stærsta fjölmiðlaatburð sem orðið hafði á Íslandi til þessa. Það má þó segja að útsendingin hafi verið algjört klúður þar sem hljóðið vantaði og það fyrsta sem áhorfendur fengu að sjá á Stöð 2 var ávarp sjónvarpsstjórans þar sem hann bærði varimar en ekkert heyrðist í honum. Stöð 2 tapaði því fyrsta slag sínum í samkeppninni þar sem öll þjóðin horfði á beina útsendingu Ríkissjónvarpsins af leiðtogafundinum (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Rekstur Stöðvar 2 var erfiður til að byrja með og tapið skipti tugmilljónum króna ár hvert, enda lögðu þeir mikla áherslu á íslenskt fræðslu- og menningarefni sem kostaði sitt. Tafir urðu á afhendingu myndlyklanna og stöðin hafði aðeins náð um helming af þeim áskrifendum sem stefnt var að um áramótin 1987 en þá var fyrirtækið komið með um 80 manns í vinnu. Stöð 2 fór þó að vegna betur eftir það og fréttastofan komst vel í gang. Þá var dagskráin líka strax lengri en dagskrá Sjónvarpsins. Stöð 2 byrjaði einnig að fara út í innlenda dagskrárgerð af krafti og þeir voru t.d. fyrstir til að fá Valgerði Matthíasdóttur til sín til að stýra þætti sem fjallaði um fólk, menningu og listir, eins og hún gerir enn þann dag í dag. Þátturinn sem hún

byrjaði með bar nafnið „Ljósbrott“ en í dag stýrir hún þætti sem heitir „Veggfóður“ og er sýndur á Stöð 2. Undir stjórn Jóns Óttars Ragnarssonar var menningunni á Íslandi gert hærra undir höfði en áður hafði tíðkast og var hann sjálfur með þætti sem hann nefndi „Sviðsljós“ fyrir jólin 1986. Fleiri þættir sem voru í dagskrárgerð Stöðvar 2 voru t.d. þættirnir „Í eldlínunni“ sem fjölluðu um skuggahliðar íslensks samfélags og „Heilsuþætti í Gervahverfi“, leiknir gamanþættir sem eru af mörgum talið besta íslenska sjónvarpsefni sem gert hefur verið (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Tímasetning skiptir miklu máli þegar dagskrárefni er annars vegar og þeir hjá Stöð 2 ákváðu að hafa fréttatíma sinn klukkan 19:30 en fréttatími Sjónvarpsins hafði verið klukkan 20. Fyrstu viðbrögðin hjá Sjónvarpinu voru að flytja sinn fréttatíma yfir á sama tíma og fréttir Stöðvar 2 en þeir tóku þá ákvörðun að láta undan skoðanakönnun meðal fólks sem sýndi að það vildi hafa fréttirnar áfram á sínum stað og var hann því færður aftur til klukkan 20. Ingvi Hrafn Jónsson sagði síðar að þetta hefðu verið stærstu stjórnunarmistök sem Ríkissjónvarpið hefði gert í samkeppninni við Stöð 2. Þó þetta hafi verið dýrmætt fyrir Stöð 2 er ekki hægt að segja að Ríkissjónvarpið hafi tapað þessum slag, þar sem fréttirnar þar hafa alltaf haft meira áhorf en fréttirnar á Stöð 2. (Guðjón Friðriksson, 2000).

Eins og áður hefur komið fram var mikill fjárhagshalli á rekstri Stöðvar 2 til að byrja með og á gamlárskvöld árið 1989 var skrifað undir samninga þar sem nokkur stórfyrirtæki með Jón Ólafsson, sem oftast var kenndur við Skífuna, og Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðanda í fararbroddi. Samningarnir gerðu stofnendur Stöðvar 2 áhrifalaus í fyrirtækinu og Jón Óttar hætti sem sjónvarpsstjóri. Við því embætti tók Þorvarður Elíasson og samsteypan hlaut nafnið Íslenska útvarpsfélagið (Guðjón Friðriksson, 2000; Petersson og Pettersson, 2000).

Eftir að nýir eigendur tóku við Stöð 2 var reynt að koma rekstrinum í jafnvægi með samningum við Íslandsbanka og niðurskurði á allri innlendri dagskrárgerð. Það var fyrirtækinu einnig til bóta að áskrifendafjöldinn var mikil og var framtíðin því björt (Guðjón Friðriksson).

Í byrjun maí árið 1990 var búið að sameina þrjú fyrirtæki undir hatt Íslenska útvarpsfélagsins en það voru Stöð 2, Bylgjan og Sýn, sem hafði byrjað í samkeppni við Stöð 2. Eftir sameininguna var Sýnar-rásin aðallega notuð til að sjónvarpa beint frá fundum Alþingis. Í dag er þar hins vegar aðallega sýnt frá íþróttaviðburðum (Guðjón Friðriksson, 2000).

Árið 1993 gafst áskrifendum hjá Íslenska útvarpsfélaginu sá kostur að ná átta erlendum sjónvarpsstöðvum í gegnum kerfi Stöðvar 2 og í febrúar árið 1995 ákvað félagið að kaupa 35 % í Frjálsri fjölmiðlun sem rak DV. En þar með var orðin ennþá meiri samþjöppun í íslenskum fjölmiðlaheimi (Guðjón Friðriksson, 2000). Í dag starfar fyrirtækið undir nafninu 365 miðlar og rekur fjölda sjónvarps og útvarpsstöðva auk netmiðla.

„Viðskiptablaðið komst að þeirri niðurstöðu í febrúar 1995 að Ríkisútvarpið hefði 49 prósent af útvarps- og sjónvarpsmarkaðinum miðað við veltu en Íslenska útvarpsfélagið 37 prósent. Sameiginlega hefðu hins vegar Frjáls fjölmiðlun og Íslenska útvarpsfélagið tæplega 36 prósent af öllum fjölmiðlamarkaði, Morgunblaðið liðlega 23 prósent og Ríkisútvarpið tæplega 28 prósent“ (Guðjón Friðriksson, 2000, bls. 293).

2.6 Skjár 1

Ný sjónvarpsstöð, Skjár Einn, hóf svo göngu sína 1999 og komu eigendur stöðvarinnar með þá nýju stefnu hingað til landsins að byggja stöðina einungis upp á

auglýsingatekjum. Þeir byrjuðu með þá stefnu, eins og Stöð 2, að leggja áherslu á íslenska dagskrárgerð og voru með sinn eigin fréttatíma, sem var síðar lagður af. Skjár Einn öðlaðist talsverðar vinsældir, sérstaklega hjá yngra fólki. Ef skoðaðar eru áhorfस्कannanir frá Gallúp undanfarin ár hefur Skjár Einn náð að narta í hælanna á Stöð 2 í uppsöfnuðu áhorfi. Í mars 2003 voru þeir með 72 % af uppsöfnuðu áhorfi og komust svo yfir Stöð 2 í mars 2004 með 71,4 %. Í mars 2005 var ekki gerð slík könnun en í apríl það ár var áhorfið á Skjá Einum 76,1 %, það var þó minna en á Stöð 2 og Ríkissjónvarpinu. Áhorfið virðist hins vegar fara minnkandi nú á síðustu mánuðum, þar sem að í mars 2006 var uppsafnað áhorf á Skjá Einum 64,4 % (IMG Gallúp, sótt 27. apríl 2006).

Ef áhorfið er skoðað nánar má sjá að Skjár Einn höfðar frekar til yngra fólksins þ.e.a.s. fólks á aldrinum 12-29 ára. En Skjár Einn hefur frá upphafi verið með dagskrá sem einkum hefur þótt höfða til ungs fólks (IMG Gallúp, sótt 27. apríl 2006).

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni hefur erlent efni alltaf verið hlutfallslega meira en íslenskt á Skjá Einum og virðist bilið verða breiðara á ári hverju. Árið 2000 var 54 % af efni Skjás Eins af erlendum uppruna og strax ári síðar var sú tala komin í 70 %. Árið 2004 var síðan erlent efni komið í 86 % af öllu efninu á Skjá Einum sem þýðir að íslenskt efni var aðeins 14 %.

Stöð 2 og reyndar einnig einhverjar útvarpsstöðvarnar fengu gagnrýni fyrir að vera að blanda auglýsingum of mikið við dagskrána. Samt hefur þróunin orðið þannig að fyrirtæki kosta mikið af efninu og auglýsingum er í sífellu meira mæli blandað inn í þætti. Þetta varð sérstaklega áberandi eftir að Skjár Einn kom til sögunnar, en þeirra tekjur koma nær eingöngu frá auglýsingum og flest í dagskrá Skjás Eins kostað af styrktaraðilum (Guðjón Friðriksson, 2000).

Kaflí 3: Aðferð og fræðilegur bakgrunnur

3.1 Lýsing á aðferðum

Þessi rannsókn felur það í sér að skoðaður er einn dagskrárdagur á þremur stærstu sjónvarpsstöðvum Íslands: Ríkissjónvarpinu, Skjá Einum og Stöð 2. Ætlunin með því að skoða þennan eina dag er að prófa greiningarramma sem mætti styðjast við þegar gerð væri stærri rannsókn sem tæki til fleiri daga. Megin tilgangurinn er í raun ekki að fá svör við þeim spurningum sem settar voru fram í inngangi eða alhæfðar niðurstöður. Það verður einfaldlega athugað hvort að greiningarramminn dugar til nánari greiningar á þessu viðfangsefni, alhæfingargildi í niðurstöðum er ekki mikið vegna smæðar úrtaksins (einn dagur). Hins vegar verður gengið út frá því í þessari rannsókn að um fullnægjandi úrtak hafi verið að ræða og það skal hafa í huga við skoðun gagnanna og þeim niðurstöðum sem fylgja í kjölfarið.

Eins og áður hefur komið fram voru settar fram spurningar í inngangi rannsóknarinnar til afmörkunar efnisins, enda er slík afmörkun nauðsynleg við rannsóknir sem þessa. Það þykir hér ástæða til að fara nánar út í af hverju þessar spurningar eru settar fram, en spurningarnar eru:


1. Hvert er hugsanlegt hlutfall mismunandi efnisflokka í íslensku sjónvarpi
2. Hvaða tungumál heyrir oftast í íslensku sjónvarpi?
3. Frá hvaða helstu framleiðslulöndum er efnið í íslensku sjónvarpi?
4. Hvað þarf efni að uppfylla til að vera íslenskt?
5. Hvert er hugsanlegt hlutfall íslensks og erlends efnis í íslensku sjónvarpi?

Í þessum spurningum kemur fram áhersla á að komast að því hvaða efni getur talist íslensk framleiðsla og hvað ekki. Það eru vissulega ástæður fyrir því af hverju þessi áhersla er fyrir hendi. Megin ástæðan er að sjálfsögðu sú að spurningar sem þessar hafa alveg frá upphafi íslensks sjónvarps verið til skoðunar í tengslum við

íslenskt sjónvarp. Eins og kemur fram í kafla 2, Söguleg reifun viðfangsefnisins, hér á undan var íslenska sjónvarpinu komið á laggirnar til að vera mótvægi eða öllu heldur koma í stað Kanásjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli. Það höfðu verið miklar deilur um það hvort ætti að leyfa slíka starfsemi í landinu, þar sem stöðin sýndi einungis bandarískt efni. Íslenskt sjónvarp með íslensku efni var því nauðsynlegt til að veða upp á móti þeirri þróun, þess vegna er líka mikilvægt að hafa reglur um það hversu mikið af efni skuli vera íslenskt.

Ísland hefur því verið með lágsta hlutfall af innlendu efni sem þekkist í hinum vestræna heimi (Petersson og Pettersson, 2000). Því er vert að athuga það hvers konar efni það er sem Íslendingar eru að horfa á í íslensku sjónvarpi, fyrst það er svona lítil hluti þess íslenskt.

Ástæðan fyrir því að sjónvarpsstöðvarnar Ríkissjónvarpið, Skjár Einn og Stöð 2 urðu fyrir valinu við gerð þessarar rannsóknar er einfaldlega sú að þessar stöðvar eru þær þrjár sjónvarpsstöðvar sem hafa mest uppsafnað áhorf á Íslandi.



Mynd 1: Uppsafnað áhorf eftir sjónvarpsstöðvum okt. '04 - mars '06.

Mynd 1 hér að ofan sýnir uppsafnað áhorf frá október árið 2004 til apríl árið 2006 sem IMG Gallúp gerði (IMG Gallup, 2006). Þessi könnun sýnir að enginn vafi leikur á að Ríkissjónvarpið, Skjár Einn og Stöð 2 eru þær þrjár sjónvarpsstöðvar sem hafa yfirburðastöðu hvað áhorfstölur varðar. Ríkissjónvarpið var með tæp 93 % í uppsafnað áhorf, Stöð 2 rúmlega 74 % og Skjár Einn með rúmlega 64 %. Aðrar stöðvar mun minna eins og mynd 1 sýnir glögglega.

Ætlunin með því að skoða einn dagskrárdag á þessum þremur íslensku sjónvarpsstöðvum er eins og áður hefur komið fram að prófa greiningarramma sem fyrirfram hefur verið undirbúinn og verður lýst hér nánar síðar í þessum kafla. Nauðsynlegt er að hafa það í huga að niðurstöðurnar sem slíkar eru ekki aðalatriði þessarar rannsóknar, heldur prófun greiningarrammans. Þó eru settar fram niðurstöður (sem varast skyldi að alhæfa út frá vegna smæðar úrtaks) úr þeim gögnum sem notuð voru í þessari rannsókn, og gengið út frá því að þau séu fullnægjandi, enda er það

hluti af ferli í rannsóknum sem þessum og einnig nauðsynlegt við prófun áður nefnds greiningarramma.

Sú aðferð sem var beitt við öflun og úrvinnslu gagnanna fyrir greiningarrammann var eftirfarandi:

1. Byrjað var á því að skilgreina ákveðna efnisflokka sem sjónvarpefnið er flokkað eftir. Efnisflokkarnir eru: barnaefni, íþróttir og íþróttافرétur, fréttir ásamt veðri og fréttatengdu efni, fræðsluefni, kvikmyndir, afþreyingarefni, auglýsingar og svo að lokum annað efni sem ekki flokkast undir neinn af fyrrgreindum flokkum. Þessir flokkar eru útskýrðir nánar í kaflanum, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur.
2. Efnið var einnig flokkað niður eftir framleiðslulandi og einnig var tilgreint hvaða tungumál var talað í viðkomandi efni.
3. Öll dagskrá frá skilgreindu upphafi til skilgreindra dagskrárloka á Ríkissjónvarpinu, Stöð 2 og Skjá Einum frá þriðjudeginum 11. apríl árið 2006 var tekin upp á myndbandsspólur.
4. Tímamælingin á sjónvarpsefninu fór fram með tímamæli í myndbandstæki sem notað var við að skoða efnið. Vissulega er möguleiki á að einhver skekkjumörk verði í tímamælingum en skekkjan er þó ekki mikil.
5. Efnið var skoðað og það kortlagt nákvæmlega í exel skjal í tölvu. Það er að segja, efnið var skráð niður eftir efnisflokkum, tungumáli og framleiðslulandi, sjónvarpsstöð og tímalengd (greiningarramminn).

3.2 Skilgreiningar á hugtökum greiningarrammans

Mikilvægt er að skilgreina hugtök vel til að taka af sem mestan vafa um hvað er átt við með þeim. Þau hugtök sem notuð eru við athuginina á sjónvarpsefninu (og skráningu í greiningarrammann) eru skilgreind í þessum kafla og er það talið mikilvægt til að fólk geti gert sér grein fyrir hvað býr á bakvið þau. Þegar það var mögulegt var stuðst við skilgreiningar úr íslenskum lögum. Skilgreiningar í lögum eru eflaust með viðurkenndustu skilgreiningum á þessum hugtökum, sem til eru á íslensku. En þar sem auk þess var talið nauðsynlegt að afmarka sum hugtökin enn frekar og er þá tekið skýrt fram við hvaða hugtak það var gert og ástæðu þess. Við nokkur hugtakanna er meiri umfjöllun en hin eiginlega skilgreining og var það gert til að skapa möguleika á frekari umræðum auk þess sem að það þótti nauðsynlegt að hafa þau, atriði sem koma fram í umfjölluninni, í huga við skoðun sjónvarpsefnisins.

Nokkrum sinnum kom sú staða upp að ekki fundust neinar viðurkenndar skilgreiningar á einstökum hugtökum og var þá gripið til þess ráðs að skilgreina skilmerkilega hvað átt var við með þeim.

Þar sem mikið er vitnað í hin íslensku Útvarpslög í þessum kafla skal það tekið fram að hugtakið sjónvarp fellur, samkvæmt útvarpslögunum, undir hugtakið útvarp (Útvarpslög, 2000). Í bók Þorbjörns Broddasonar er talað um að Jónas Hallgrímsson hafi komið fyrstur með íslenska heitið ljósvaki. Ljósvaki var notað sem heiti yfir kenningu sem var við líði á 19. öld þar sem talið var að: „*rýmið á milli sjáanlegra og áþreifanlegra hluta væri fyllt af ósýnilegu og óáþreifanlegu efni sem bylgjur ljóssins og hinar ósýnilegu útvarpsbylgjur ferðuðust um*“ (Þorbjörn Broddason, 2005, bls. 63).

Í bók Þorbjarnar er einnig talað um það að áður en sjónvarpið kom til sögunnar hafði orðið útvarp nægt til þess að lýsa þráðlausri, rafrænni fjölmiðlun en eftir að sjónvarpið kom fram var orðið útvarp ætlað sem heildarheiti yfir sjónvarp og

hljóðvarp sem nota átti til að lýsa rafrænum sendingum til almennings. Orðið hljóðvarp náði hins vegar ekki festu í málinu til að lýsa þeim sendingum sem fólk aðeins heyrir heldur hefur orðið útvarp verið notað til þess á móti orðinu sjónvarp sem lýsir því sem fólk getur bæði séð og heyrt. Orðið ljósvakamiðlar hefur verið notað sem samheiti á þessum tveimur gerðum fjölmiðlunar (Þorbjörn Broddason, 2005). Þessar skilgreiningar er nauðsynlegt að hafa í huga við lestur þessa kafla

Hér á eftir fylgja skilgreiningar á hinum átta flokkum sem notaðir voru við flokkun á sjónvarpsefninu á Ríkissjónvarpinu, Skjá Einum og Stöð 2:

1. **Barnaefni:** Afþreyingar og/eða kennsluefni sem sérstaklega er ætlað börnum og er með börn sem markhóp. Hér er miðað við að börnin séu í flestum tilvikum yngri en 12 ára. Dæmi um barnaefni eru þættir eins og t.d. „Gló Magnaða“ á Ríkissjónvarpinu og „Pingu“ á Stöð 2.
2. **Íþróttir og íþróttافرéttir.** Efni sem fjallar einungis um hvers kyns íþróttir og fréttir af þeim. Má þar nefna þann hluta sem tileinkaður íþróttum í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna. Útsendingar frá íþróttaviðburðum og svo framvegis.
3. **Fréttir, veður og fréttatengt efni.** Efni sem fjallað er um í fréttatíma dagsins, veðurfréttum og fréttatengdum þáttum. Fréttatengdir þættir eru þættir sem innihalda umræður um þau málefni sem hafa verið í fréttatíma liðinna daga eða jafnvel lengri tíma. Má nefna sem dæmi að „Kastljós“ á Ríkissjónvarpinu og „Ísland í dag“ á Stöð 2 teljast fréttatengdir þættir samkvæmt skilgreiningunni.
4. **Fræðsluefni.** Efni sem er beinlínis ætlað til þess að vera fræðandi eða vekja athygli um ýmis málefni. Þannig fellur t.d. í þennan flokk efni sem jafnframt er fólki til afþreyingar en er ekki einungis ætlað til þess. Dæmi um fræðsluefni

má nefna eins og heimildarmyndina „Gínea Bissá“ sem var á dagskrá Ríkissjónvarpsins.

5. **Kvikmyndir.** Í Lögum um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum (1995) er orðið kvikmynd skilgreint sem: *„hvers kyns hreyfimyndaefni sem gert er með hvers konar tækni, þar með taldar leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.“* Í lagafrumvarpinu er nánar fjallað um þessa skilgreiningu og það tekið fram að undir þessa skilgreiningu falla ekki hugtök eins og fréttæfni og fræðsluefni. Við þessa skilgreiningu í útvarpslögum er stuðst í þessari rannsókn að því viðbættu að kvikmynd telst ekki vera kvikmynd sem slík nema að hún vari í lengri tíma en 60 mínútur. Þetta er gert til að aðgreina kvikmyndir frá t.d. styttri sjónvarpsþáttum og öðru efni sem fellur undir aðrar skilgreiningar í þessari rannsókn.
6. **Afþreyingarefni (annað en kvikmyndir).** Efni sem er til skemmtunar fyrir fólk og er undir 60 mínútum að lengd. Fellur þ.a.l. ekki undir kvikmyndir, þrátt fyrir að vissulega séu kvikmyndir í flestum tilvikum afþreyingarefni. Þetta er gert til að afmarka t.d. styttri sjónvarpsþáttaraðir frá einstökum kvikmyndum. Dæmi um afþreyingarefni eru „Tvíeykið“ á Ríkissjónvarpinu, „Glæstar vonir“ á Stöð 2 og „The O.C.“ á Skjá Einum.
7. **Auglýsingar og fjarsala.** Samkvæmt 1. gr. Útvarpslaga (2000) er auglýsing í útvarpi (og sjónvarpi í þeim skilningi): *„hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi eða í eigin þágu útvarpsstöðvar og felur í sér kynningu á vöru eða þjónustu.“* Fjarsala er samkvæmt sömu grein Útvarpslaganna (2000): *„beint tilboð sem sjónvarpað er til almennings með það í huga að bjóða fram*

vöru og þjónustu gegn greiðslu. Fjarsala tekur hér einnig til fasteigna og þeirra réttinda og skyldna sem um slík kaup gilda.“ Við þessar skilgreiningar um auglýsingar og fjarsölu, í lögum, er stuðst í þessari rannsókn. En það skal tekið fram að skoðað verður sérstaklega hvort að auglýsingarnar séu frá sjónvarpsstöðvunum sjálfum (t.d. auglýsingar á dagskrá) eða öðrum aðilum. Þar sem að auglýsingar og fjarsala eiga svo stóran þátt í Útvarpslögum þótti mikil ástæða til að hafa ræða aðeins nánar um efnið og verður hér farið nánar í nokkrar helstu greinar Útvarpslaganna. Í 16. gr. Útvarpslaganna (2000) kemur fram að: „*Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki. Sama gildir um fjarsöluinnskot.*“. Það er því ekki af ástæðulausu sem að sjónvarpsstöðvar á Íslandi afmarka auglýsingatíma sinn. Einnig er margt í VI. kafla (sem inniheldur 16-21. gr.) Útvarpslaga (2000) sem fjallar um auglýsingar, fjarsölu og kostun, sem vert er að hafa í huga þegar gerðar eru athuganir á innihaldi og tímalengd á dagskrárefni sjónvarpsstöðva, eins viðfangið er í þessari rannsókn. Í 17. gr. Útvarpslaganna (2000) er fjallað um tíma fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot. Í greininni kemur fram að almennt séð skulu auglýsingar og fjarsöluinnskot sýnd í sérstökum auglýsingatímum milli dagskrárliða. Þrátt fyrir það skuli vera leyfilegt að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingum og fjarsöluinnskotum ef það leiði ekki til afbökunar eða verulegrar röskunar á dagskrárefni. Nánar er svo kveðið á um hvaða tímatakörkunum það séð háð, en það fer eftir tegund dagskrárliðar (Útvarpslög, 2000). Það er þó í sumum tilvikum algjörlega óheimilt að skjóta inn auglýsingum eða fjarsöluinnskotum, eins og tekið er fram í 17. greininni en þar segir: „...óheimilt er að skjóta auglýsingum eða fjarsöluinnskotum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða

trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum eða dagskrá fyrir börn. Þó er heimilt að rjúfa fréttatengda dagskrárliði ef þeir eru lengri en 30 mínútur.“ -

Í 18. gr. Útvarpslaga (2000) er fjallað um takmarkanir á auglýsingatíma í útvarpi. Þar kemur fram að heildarhlutfall heildarauglýsingatíma á degi hverjum megi ekki fara yfir 15 %, en auka megi hlutfallið í 20 % séu talin með fjarsöluinnskot. Heildarhlutfall auglýsinga og fjarsöluinnskota á hverjum klukkutíma er einnig takmarkað við 20 % af heildarhlutfallinu. Þá eru reyndar ekki taldar með tilkynningar frá sjónvarpsstöðinni sjálfri þar sem fjallað er um dagskrárefni hennar.

8. **Annað.** Allt efni sem fellur ekki undir neina af þeim skilgreiningum sem settar hafa verið fram í þessum kafla. Sem dæmi um þetta má nefna þuluna á Ríkissjónvarpinu.

Auk þeirra skilgreininga sem hafa þegar verið settar fram, eru nokkrar sem þykir nauðsynlegt að útskýra nánar. Enda koma allar þessar skilgreiningar fyrir í umræðum og niðurstöðum um það sjónvarpsefnið sem er til athugunar í þessari rannsókn.

Kostun. Samkvæmt Útvarpslögum (2000): „*er hvers konar fémætt framlag lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða útsendingar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.*“ Þessa skilgreiningu í útvarpslögum er stuðst við í þessari rannsókn.

Í lögnum er töluvert fjallað um kostun, rétt eins og auglýsingar, enda eru þessi efni nokkuð tengd. Það er því ástæða til þess að skoða aðeins nánar hver lögin eru um kostun af sömu ástæðum og það var gert í sambandi við auglýsingar og fjarsölu.

Í 21. gr. Útvarpslaga (2000) er sagt að sjónvarpsstöðvum sé leyfilegt að afla kostunar á einstökum dagskrárliðum, en það má þó aldrei hafa áhrif á innihald eða

efnistök dagskrárliðarins. Ekki má í kostaða dagskrárliðnum hvetja fólk til að nýta þjónustu þess aðila, né annars aðila, sem kostaði dagskrárliðinn. Fréttir og fréttatengt efni má samkvæmt lögnum ekki hafa kostanda og dagskrárliðir mega ekki vera kostaðir af aðila sem má af einhverjum orsökum ekki auglýsa.

Að lokum er svo mikilvægt að benda á að 4. málsgl., 21. gr. Útvarpslaga (2000) segir að: „*Kostaðar útvarpsdagskrár skulu vera ljóslega auðkenndar sem slíkar með kynningu, nafni og/eða vörumerki kostanda í upphafi og/eða lok dagskrár.*“ Það er því alveg ljóst að samkvæmt útvarpslögnum er lögð töluverð áhersla á að halda kostandanum og dagskrárliðnum sjálfum aðskildum enda eru það hagsmunir neytenda að auglýsingar og dagskrárefni blandist ekki saman.

Dagskrá. Samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. Útvarpslaga (2000) er dagskrá: „*heildarsamsetning dagskrárliða í útvarpi.*“ Við þessa skilgreiningu er stuðst í þessari rannsókn.

Dagskrárlök. Allur gangur er á því á sjónvarpsstöðvum bæði hér heima og erlendis hvort að þær eru með formleg dagskrárlök eða hvort að dagskráin er samfelld allan sólarhringinn. Það er þó sjaldnast svo á Íslandi að efni sem ekki hefur verið áður á dagskrá sé sýnt yfir hánóttina, nema þá einna helst á föstudags- og laugardagsnóttum. Þó verður endursýnt efni samt sem áður að teljast dagskrárefni, af þeirri ástæðu að það er á dagskránni. En eðli þessarar rannsóknar krefst þess að einhvers konar dagskrárlök séu ákveðin, einfaldlega vegna þess að ætlunin er að skoða einn sérstakan dag í dagskrá íslensku sjónvarpsstöðvanna; Ríkissjónvarpsins, Stöðvar 2 og Skjás Eins. Einhvers staðar þarf því að setja mörkin og ákveða hvar við teljum að hin eiginlegu dagskrárlök séu.

Ríkissjónvarpið er eina íslenska stöðin, sem er til athugunar í þessari rannsókn, með ákveðin dagskrárlök. Dagskrá Ríkissjónvarpsins lýkur ávallt með útvarpsfréttum

og er það sérstaklega tekið fram í yfirliti yfir dagskrá stöðvarinnar. Dagskránni hjá Stöð 2 og Skjá Einum lýkur hins vegar aldrei með eiginlegum dagskrárlokum, í stað þess sýna þessar stöðvar tónlistarmyndbönd eftir að sýningu síðasta dagskrárliðar (þáttaröð eða kvikmynd) er lokið. Vissulega má færa fyrir því góð rök að tónlistarmyndböndin séu hluti af dagskránni en eins og áður sagði verður einhvers staðar að setja mörkin við hvar dagskrá er talin enda. Það verður því gengið út frá því í þessari rannsókn að dagskrárlok Stöðvar 2 og Skjás Eins séu þegar sýning tónlistarmyndbanda hefst á þessum stöðvum. Á Stöð 2 er því miðað við dagskrárlok þegar dagskrárliðurinn „Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi“ hefst, en á Skjá Einum miðast dagskrárlok við dagskrárliðinn „Óstöðvandi Tónlist“. Dagskrárlok Ríkissjónvarpsins eru að sjálfsögðu þegar liðurinn „Dagskrárlok“ er á dagskrá.

Íslenskt dagskrárefni. Í þessari rannsókn er hugmyndin um hvað telst vera íslenskt dagskrárefni, unnin upp úr Reglugerð um skilgreiningu á hvað telst vera evrópskt sjónvarpsefni (2000). Þessi reglugerð var gerð í tengslum við Útvarpslög (2000). Orðalagið í reglugerðinni er mjög keimlíkt því sem er stuðst við í skilgreiningunni hér, að því frátöldu auðvitað að í reglugerðinni er verið að fjalla um evrópskt efni en hér er einungis íslenskt efni til umræðu. Íslenskt dagskrárefni telst hér vera efni sem er upprunnið á Íslandi, efnið skal vera framleitt með þátttöku höfunda og launþega sem búsettir eru á Íslandi. Til þess að teljast íslenskt skal efnið einnig uppfylla eitt af eftirtöldum skilyrðum:

- A. Það skal vera framleitt af einum eða fleiri framleiðendum er hafa staðfestu á Íslandi,
- B. Framleiðslunni er stýrt eða fylgst með henni af einum eða fleiri framleiðendum sem hafa staðfestu á Íslandi,

C. Meðframleiðendur á Íslandi standi undir meirihluta kostnaðar við sameiginlega framleiðslu efnis og hinu sameiginlega framleiðsluverkefni er ekki stýrt af einum framleiðenda eða fleirum, er hafa staðfestu utan Íslands.

Til viðbótar við þessa skilgreiningu í lögum skal það tekið fram að í þessari rannsókn telst efni ekki vera íslenskt nema í því sé töluð íslenska að meirihluta. Af þeirri einföldu ástæðu að erfitt er að sjá hag þess fyrir íslenskuna sem tungumál ef allt íslenskt efni væri t.d. á ensku. Það þætti t.a.m. ekki gott ef fréttatímar væru að mestum hluta á ensku í íslensku sjónvarpi.

Í tengslum við þessa skilgreiningu á íslensku dagskrárefni er vert að minnast á að samkvæmt lögum eiga íslenskar sjónvarpsstöðvar að reyna eftir fremsta megni að sýna íslenskt efni í meiri hluta útsendingartíma. Fréttir, íþróttaviðburðir, leikir, auglýsingar, fjarsala og textavarpsþjónusta teljast ekki hluti af útsendingartíma samkvæmt lögnum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skoðun á íslensku dagskrárefni og umræðu um það og þar sem að miðað er við þetta í lögum er það líka gert í þessari rannsókn (Útvarpslög, 2000).

Að lokum er hér ástæða til að vekja athygli á því að í lögum er ekki til hrein og klár skilgreining á hvað telst vera íslenskt dagskrárefni og segja má að það hljóti að teljast undarlegt í ljósi þess hve mikil áhersla er á það í lögum að íslenskt efni sé á boðstól íslenskra sjónvarpsstöðva og í raun fjölmiðla yfirleitt.

Erlent dagskrárefni. Allt það efni sem fellur ekki undir skilgreiningu um íslenskt dagskrárefni.

Kafli 4: Úrvinnsla og niðurstöður

4.1 Hlutföll efnisatriða í íslensku sjónvarpi

Margir hafa eflaust oft velt því fyrir sér á hvað þeir eru í raun að horfa, ef svo má að orði komast, þegar þeir horfa á sjónvarpið. Það eru eflaust ekki margir sem vita hin eiginlegu hlutföll efnistegundar í dagskrá íslensku sjónvarpsstöðvanna.

Tafla 1 sýnir hlutfall efnistegunda í heildartíma í íslensku sjónvarpi þegar allar stöðvarnar þrjár, Ríkissjónvarpið, Stöð 2 og Skjár Einn eru lagðar saman. Samanlagt voru það 2576,64 mínútur af efni á þessum degi sem tekin var fyrir.

Tafla 1: Hlutfall efnistegunda af heildartíma í íslensku sjónvarpi

Tegund efnis	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
1. Barnaefni	9	148,15	5,75
2. Íþróttir og íþróttafréttir	8	50,90	1,98
3. Fréttir, veður og fréttatengt efni	21	334,18	12,97
4. Fræðsluefni	3	177,05	6,87
5. Kvikmyndir	3	285,38	11,08
6. Afþreyingarefni (ekki kvikmyndir)	37	1288,63	50,01
7. Auglýsingar	132	242,50	9,41
8. Annað	50	49,85	1,93
Samtals:	263	2576,64	100

Áhugavert er að afþreyingarefni, annað en kvikmyndir, hefur mikla yfirburði yfir allt annað efni og er rétt rúmlega 50 % alls efnis á sjónvarpsstöðvunum. Næst á eftir afþreyingarefninu eru fréttir, veður og fréttatengt efni með rétt tæp 13 % af heildartíma. Kvikmyndir með um 11 % af heildartíma og auglýsingar með rúmlega 9 % fá örlítið minni tíma en fréttir, veður og fréttatengt efni á sjónvarpsstöðvunum. Auglýsingarnar hafa reyndar fjórða mesta heildartímann í allt og eru því nokkuð stór þáttur af efni sjónvarpsstöðvanna, stærri en til að mynda barnaefni.

Ef afþreyingar þættirnir tveir, afþreyingarefni (ekki kvikmyndir) og kvikmyndir, eru settir saman veða þeir rétt rúmlega 61 % af heildartíma, það er því augljóst að afþreying er ráðandi í íslensku sjónvarpi. Afþreyingin hefur lengi vegið stórt í dagskránni (Hagstofa Íslands, 2006), enda hefur sjónvarpið fyrst og fremst verið talið afþreyingarmiðill í gegnum árin. Auglýsingar hafa hins vegar aukist með árunum og þá kannski sérstaklega með tilkomu Skjás Eins, enda er sú stöð að mestu fjármögnuð með auglýsingatekjum.

Eins og gefur að skilja er það alls ekki svo að efnistegundirnar hafi sömu hlutföll á öllum sjónvarpsstöðunum sem til athugunar eru í þessari rannsókn. Því er nauðsynlegt að skoða hverja stöð fyrir sig til að átta sig enn betur á hvað býr á bakvið dagskrá hjá hverri stöðinni fyrir sig.

Við skoðun á töflu 2, sem sýnir hlutfall efnistegunda af heildarútsendingartíma Ríkissjónvarpsins, má sjá að afþreyingarefnið vegur ekki eins mikið af heildartímanum eins og það gerir í töflu eitt, þar sem allt sjónvarpsefni er skoðað samanlagt.

Tafla 2: Ríkissjónvarpið. Hlutfall efnistegunda af heildarútsendingartíma

Ríkissjónvarpsins

Tegund efnis	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
1. Barnaefni	3	51,00	9,66
2. Íþróttir og íþróttafréttir	1	3,13	0,59
3. Fréttir, veður og fréttatengt efni	8	141,25	26,75
4. Fræðsluefni	2	142,05	26,90
5. Kvikmyndir	0	0,00	0,00
6. Afþreyingarefni (ekki kvikmyndir)	3	132,80	25,15
7. Auglýsingar	19	43,08	8,16
8. Annað	15	14,68	2,78
Samtals:	51	528	100

Afþreyingarefnið vegur rúmlega 25 % af heildartíma Ríkissjónvarpsins og er aðeins þriðja stærsta efnistegundin. Fræðsluefni er stærsta efnistegundin, fréttir, veður og fréttatengt efni kemur stutt á eftir og munar einungis nokkrum prósentum á þessum tveimur efnisþáttum. Auglýsingarnar eru svipað stór hluti hjá Ríkissjónvarpinu og þegar heildin er skoðuð sem er áhugavert þar sem stöðin fær tekjur sínar af afnotagjöldum. Það skal þó tekið fram að stöðin er langt undir leyfilegum mörkum, en eins og kom fram í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur, er leyfilegt að auglýsingar séu allt að 20 % af heildartíma stöðvarinnar séu kostaðir þættir teknir með.

Annað kemur hins vegar á daginn, varðandi auglýsingar þegar að hlutfall efnistegunda af heildartíma Stöðvar 2 er skoðað eins og gert er í töflu 3.

Tafla 3: Stöð 2. Hlutfall efnistegunda af heildarútsendingartíma Stöðvar 2

Tegund efnis	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
1.Barnaefni	6	97,15	6,78
2.Íþróttir og íþróttافرéttir	7	47,77	3,33
3.Fréttir, veður og fréttatengt efni	13	192,93	13,46
4.Fræðsluefni	1	35,00	2,44
5.Kvikmyndir	3	285,38	19,90
6.Afþreyingarefni (ekki kvikmyndir)	18	666,21	46,46
7.Auglýsingar	68	76,58	5,34
8.Annað	21	32,80	2,29
Samtals:	137	1433,83	100

Eflaust kemur það nokkuð á óvart að auglýsingarnar eru mun minni hluti af heildartímanum hjá Stöð 2 en hjá til dæmis Ríkissjónvarpinu. Hjá Stöð 2 eru auglýsingarnar rúmlega 5 % af öllu efni stöðvarinnar en hjá Ríkissjónvarpinu voru þær tæplega 8 % . Kvikmyndir vega nokkuð stórt hlutfall af heildartímanum eða rétt tæp 20 %. Ef þeim er síðan bætt við það afþreyingar efni sem ekki eru kvikmyndir,

verður heildarhlutfall afþreyingar á Stöð 2 rúmlega 66 % af heildartíma Stöðvarinnar. Áhugavert er að sjá hversu lítill hluti heildartímans fer í fræðsluefni eða aðeins um 2,5 %, en til samanburðar var það tæplega 27 % af heildartímanum á Ríkissjónvarpinu.

Skjár Einn er töluvert frábrugðin Ríkissjónvarpinu og Stöð 2 hvað varðar efnistöð eins og sjá má á töflu 4 sem sýnir hlutfall efnistegunda af heildarútsendingartíma Skjás eins.


Tafla 4: Skjár Einn. Hlutfall efnistegunda af heildarútsendingartíma Skjás Eins.

Tegund efnis	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
1.Barnaefni	0	0,00	0,00
2.Íþróttir og íþróttafréttir	0	0,00	0,00
3.Fréttir, veður og fréttatengt efni	0	0,00	0,00
4.Fræðsluefni	0	0,00	0,00
5.Kvikmyndir	0	0,00	0,00
6.Afþreyingarefni (ekki kvikmyndir)	16	489,62	79,64
7.Auglýsingar	45	122,83	19,98
8.Annað	14	2,37	0,38
Samtals:	75	614,82	100

Í stuttu máli sagt er einungis tvenns konar efni á dagskrá Skjás Eins, það eru auglýsingar og afþreyingarefni (annað en kvikmyndir). Reyndar er það svo að afþreyingarefni (annað en kvikmyndir) er alls ráðandi á Skjá Einum með tæplega 80 % af heildartíma stöðvarinnar. Auglýsingar taka svo 19,98 % af heildartímanum, eins og hann er skilgreindur í þessari rannsókn, en það er rétt undir því hámarki sem sjónvarpsstöðvum er sett fyrir auglýsingar en það er 20 % af heildarútsendingartímanum, eins og kom fram í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur. Auglýsingahlutfallið hjá Skjá Einum er mikið hærra en á hinum stöðvunum enda lifir Skjár Einn eins og áður hefur komið fram nær einungis á

auglýsinga og kostunartekjum. Ólíkt Stöð 2 og Ríkissjónvarpinu notast Skjár Einn hvorki við áskriftargjöld né afnotagjöld við fjármögnun stöðvarinnar.

Í lok þessarar umræðu um hlutföll efnistegundar í íslensku sjónvarpi er svo ekki úr vegi að bera saman allar sjónvarpsstöðvarnar þrjár. Það er gert á mynd 1 sem sýnir samanburð á hlutföllum efnis eftir sjónvarpsstöðvum.



Mynd 1: Samanburður á hlutföllum efnis af heildartíma sjónvarpsstöðvanna

Skjár Einn sker sig frá hinum með langsamlega mest hlutfall af afþreyingarefni (öðru en kvikmyndum) enda eins og áður hefur komið fram er það undirstaða dagskrár stöðvarinnar ásamt auglýsingum. Það kemur því heldur ekki á óvart að Skjár Einn skuli vera með hæsta hlutfallið af auglýsingum í dagskrá sinni samanborðið við hinar stöðvarnar tvær. Ríkissjónvarpið er með hlutfallslega mest af fræðsluefni, ásamt fréttum, veðri og fréttatengdu efni á dagskrá sinni, en Skjár Einn hefur ekkert slíkt efni á dagskrá sinni. Það er einnig ljóst að Ríkissjónvarpið er að reyna að sinna því hlutverki sínu sem ríkissjónvarp að ná til sem flestra og hefur sennilega engan augljósan markhóp þar sem að það er með mesta dreifingu efnisatriðanna. Það sama

má reyndar segja um Stöð 2 nema hvað að hún hefur töluvert meira af afþreyingu á dagskrá sinni en Ríkissjónvarpið. Skjár Einn hefur aftur á móti hlutfallslega mest af afþreyingu á boðstólum af sjónvarpstöðvunum þremur.

Þessar staðreyndir varðandi val á efnisatriðum hafa eflaust eitthvað að gera með markhópa stöðvanna. Stöð 2 og Ríkissjónvarpið hafa gefið sig út fyrir að reyna að höfða til sem flestra og eru með margvíslegt efni á boðstólum, en Skjár Einn hefur fyrst og fremst verið talinn vera með ungt fólk sem markhóp. Enda er það svo samkvæmt könnun IMG Gallúp frá mars árið 2006 að áhorfendahópur Skjás Eins er langsamlega mest fólk undir fertugu, en hjá Ríkissjónvarpinu er dreifingin hins vegar nokkuð jöfn yfir alla aldurshópa þó að reyndar séu örlítið hærri hlutföll í eldri aldurshópum. Á Stöð 2 er aldursdreifingin hins vegar um það bil jöfn fyrir alla aldurshópa. Mismunandi val á efnisatriðum hjá sjónvarpstöðvunum hefur því eflaust sínar skýringar.

4.2 Tungumál í íslensku sjónvarpi


Íslenskan hefur lengi verið okkur íslendingum hugleikin og þá ekki síst þegar kemur að sjónvarpi og fjölmiðlum í heild. Það á sér djúpar rætur í sögu sjónvarps á Íslandi að mikilvægt sé að töluð sé íslenska og íslenskt sjónvarp sé á boðstólum

Það er því að sjálfsögðu áhugavert að vita hvernig málum er háttað nú þegar um það bil 40 ár eru liðin frá því að íslenskt sjónvarp hóf göngu sína.

Tafla 5: Hlutfall tungumáls af heildartíma allra sjónvarpsstöðva

Tungumál	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Íslenska	212	1066,98	41,41
Enska	39	1363,62	52,92
Spænska	2	48,77	1,89
Íslenska og enska (innan sama efnis)	3	88,33	3,43
Ekkert tal	7	8,95	0,35
Samtals:	263	2576,64	100

Í töflu 5 gefur að líta yfirlit yfir þau tungumál sem töluð voru í dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Enska og íslenska eru augljóslega alls ráðandi í íslensku sjónvarpi með samtals rúmlega 93 % af heildartímanum. Það er áhugavert að enskan skuli vera meira áberandi en íslenskan í íslensku sjónvarpi. Eflaust má þó skýra það með því að benda á að afþreyingarefni er mest áberandi í íslensku sjónvarpi og flest afþreyingarefni er fengið frá enskumælandi löndum. Mynd 2 hér á eftir styður þetta, en þar sést að rúmlega 70 % afþreyingarefnis er á ensku. Athyglisvert er einnig að sjá að yfir þann tíma sem rannsóknin náði voru einungis kvikmyndir á ensku á dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Sú staðreynd hins vegar að íslenska sé ekki í meirihluta í íslensku sjónvarpi er hins vegar ekki í samræmi við stefnu íslenskra lagareglna sem reifaðar voru í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur, um að leggja ætti kapp á að hafa sem mest af íslensku efni á dagskrá. Það skal þó tekið fram að hér eru sjónvarpsstöðvarnar ekki að brjóta lög vegna þess að samkvæmt útvarpslögum er einungis kveðið á um að stöðvarnar eigi að leggja áherslu á íslenskt efni, en þær ekki skyldaðar til þess.



Mynd 2: Hlutfall tungumáls í einstökum efnistegundum

Á mynd 2 er hlutfall tungumáls í dagskránni flokkað eftir efnisatriðum. Í auglýsingum er íslenskan ráðandi, sem og í íþróttum og íþróttufréttum. Sömu sögu má segja um Fréttir, veður og fréttatengt efni auk auglýsinga. Fræðsluefni er að mestu leyti á íslensku en hins vegar afþreyingarefnið, hvort sem um er að ræða kvikmyndir eða ekki, er að mestu á ensku eins og áður hefur komið fram.

Það er þó ekki einungis eftir efnisatriðum sem tungumálin hafa misjafnt hlutfall. Ef sjónvarpsstöðvarnar eru skoðaðar hver fyrir sig kemur í ljós að töluverður munur er á þeim hvað varðar hlutfall tungumála.

Tafla 6: Ríkissjónvarpið. Hlutfall tungumáls af heildartíma Ríkissjónvarpsins

Tungumál	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Íslenska	44	303,80	57,54
Enska	4	135,87	25,73
Íslenska og enska (innan sama efnis)	3	88,33	16,73
Spænska	0	0,00	0,00
Ekkert tal	0	0,00	0,00
Samtals:	51	528,00	100,00

Sé Ríkissjónvarpið skoðað sérstaklega með tilliti til þess hlutfalls sem hin ýmsu tungumál fá í heildartíma dagskrár þess, eins og gert er í töflu 6, koma í ljós nokkuð frábrugðnar tölur en komu fram í töflu 5. Hjá Ríkissjónvarpinu hefur íslenskan yfirburðastöðu en enskan kemur þar töluvert á eftir með minni tíma hlutfallslega.

Þetta má hugsanlega rekja til þess að á Ríkissjónvarpinu er minna af afþreyingarefni en á hinum stöðvunum eins og sjá má á mynd 1. En eins og mynd 2 sýnir er afþreyingarefni að mestu leyti á ensku. Meira er hins vegar í Ríkissjónvarpinu af fréttum, veðri og fréttatengdu efni ásamt fræðsluefni, en þetta eru þættir þar sem oftast er ekki er töluð íslenska í eins og mynd 2 sýnir. Séu hins vegar nákvæmlega sömu atriði, um hlutfall tungumála í dagskrá, skoðuð á Stöð 2 eins og gert er í töflu 7 kemur í ljós töluvert munur á milli þessara tveggja sjónvarpsstöðva.

Tafla 7: Stöð 2. Hlutfall tungumáls af heildartíma Stöðvar 2

Tungumál	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Íslenska	103	478,93	33,40
Enska	25	897,18	62,57
Íslenska og enska (innan sama efnis)	0	0,00	0,00
Spænska	2	48,77	3,40
Ekkert tal	7	8,95	0,62
Samtals:	137	1433,83	100,00

Á Stöð 2 er enskan ráðandi með rúmlega 62 % hlutfall af heildartímanum, íslenskan stendur þar töluvert að baki. Ein af ástæðum þess að enskan er svo ráðandi á Stöð 2 sem raun ber vitni er hugsanlega sú að afþreyingarefni er stór þáttur í dagskrá Stöðvar 2 eins og tafla 3 ber vitni um. Enskan er eins og áður hefur verið minnst á ráðandi tungumál í afþreyingarefni í íslensku sjónvarpi (sjá mynd 2).

Á Skjá Einum er afþreyingarefni enn meira ráðandi en á Stöð 2, eða tæplega 80 % alls efnis (sjá töflu 4). Það mætti því búast við því að þar væri enskan enn meira


ráðandi en á Stöð 2. En svo virðist þó ekki vera samkvæmt töflu 8, sem sýnir hlutföll mismunandi tungumála af heildartíma Skjás Eins.

Tafla 8: Skjár Einn. Hlutfall tungumáls af heildartíma Skjás Eins

Tungumál	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Íslenska	65	284,25	46,23
Enska	10	330,57	53,77
Íslenska og enska (innan sama efnis)	0	0,00	0,00
Spænska	0	0,00	0,00
Ekkert tal	0	0,00	0,00
Samtals:	75	614,82	100,00

Enskan er mest áberandi á Skjá Einum með rúmlega helming heildartímans, en íslenskan fylgir fast á eftir með tæplega helming. Ástæða þess að íslenskan nær þó þetta sterkri stöðu á Skjá Einum er ef til vill sú staðreynd að rétt tæplega 20 % efnis á stöðinni eru auglýsingar og þær eru nær allar á íslensku (sjá mynd 2). Auk þess má að sjálfsögðu nefna að á dagskrá Skjás Eins eru jú alltaf einhverjir afþreyingarþættir þar sem íslenska er töluð.

Að sjálfsögðu eru því ýmsar ástæður fyrir því að Ríkissjónvarpið, Stöð 2 og Skjár Einn hafa mismunandi hlutfall íslensku og að sjálfsögðu annarra tungumála. Mynd 3, sýnir samanburð á sjónvarpsstöðvum eftir hlutfalli tungumáls í heildartíma efnis þeirra og er gott að nota hana til að fá yfirsýn yfir muninn á stöðvunum.



Mynd 3: Samanburður milli sjónvarpsstöðva og eftir tungumáli efnis

Ríkissjónvarpið er með mest hlutfall efnis af heildartíma stöðvarinnar, þar sem íslenska er töluð, þar á eftir kemur Skjár Einn og Stöð 2 rekur lestina. Þetta snýst við þegar enskan er skoðuð, Stöð 2 hefur þá mest hlutfall efnis á ensku af heildartíma stöðvarinnar, þar á eftir kemur Skjár Einn og loks Ríkissjónvarpið (mynd 3). Það hefur komið fram áður í þessum kafla að rekja megi hátt hlutfall ensku á Stöð 2 og Skjá Einum til þess að á boðstólum þeirra stöðva er meira af afþreyingarefni en á Ríkissjónvarpinu. Á Ríkissjónvarpinu er hins vegar á dagskrá töluvert af fréttum, veðri, fréttatengdu efni ásamt fræðsluefni, en í þessum efnistegundum er íslenskan oftast við lýði.

Samkvæmt þessu virðist það þó vera svo að Ríkissjónvarpið sé eina stöðin sem uppfylli þau tilmæli laga að íslenskar sjónvarpsstöðvar skuli reyna eftir fremsta megni að sýna íslenskt efni í meiri hluta útsendingartíma, þetta verður einnig nánar skoðað í kaflanum sem hér fylgir á eftir um uppruna (framleiðslulönd) þess efnis sem sýnt er í íslensku sjónvarpi.

4.3 Framleiðslulönd efnis í íslensku sjónvarpi

Af nákvæmlega sömu sögulegu ástæðum og íslendingum er hugleikið að íslenska sé töluð í sjónvarpi sínu, skiptir það máli hvaðan efnið í sjónvarpinu er fengið. Strax frá byrjun hefur efni frá Bandaríkjunum verið áberandi í íslensku sjónvarpi. Í raun hófst sjónvarpssaga Íslands með Kanásjónvarpinu, eins og áður var rakið, sem telst vera frá Bandaríkjunum þó svo að útsendingar þess hafi verið frá Keflavíkurflugvelli, auk þess sem það sendi aðeins út bandarískt efni.

Það er því áhugavert að skoða hvernig staðan er í íslensku sjónvarpi í dag og tafla 9 sýnir framleiðslulönd eftir heildartíma á sjónvarpsstöðvunum þremur.

Tafla 9: Framleiðslulönd eftir heildartíma í íslensku sjónvarpi

Framleiðsluland	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Ísland	218	1084,71	42,10
Bandaríkin	31	1152,75	44,74
Bretland	3	104,97	4,07
Ástralía	3	85,53	3,32
Önnur lönd	8	148,68	5,77
Samtals:	263	2576,64	100,00

Efni framleitt á Íslandi er með tæplega 42 % af heildartímanum, það er minni tími en efni frá Bandaríkjunum er með en það hefur tæplega 45 % af heildartímanum. Þetta er áhugavert en kemur ekki mjög á óvart sé hugsað til þeirra bandarísku áhrifa sem virðast ríkja í íslensku samfélagi og má sem dæmi þar nefna að þær kvikmyndir sem hér eru sýndar koma flestar frá Bandaríkjunum.

Áður hefur komið fram að við upphaf sjónvarps á Íslandi fengu Íslendingar aðeins að sjá bandarískt efni í sjónvarpinu. Þróunin hefur síðan orðið þannig að efnið í sjónvarpinu á Íslandi er að mestum hluta frá Bandaríkjunum og Íslandi. Ef öll önnur framleiðslulönd en Ísland og Bandaríkin eru tekin saman eru þau aðeins rúmlega 13 %

af heildarútsendingartímanum á sjónvarpsstöðvunum. Samanlagt eru því Ísland og Bandaríkin með u.þ.b. 87 % af heildartímanum.

Þetta má skoða betur með því að setja heildartíma eftir framleiðslulöndum upp eftir hverri sjónvarpsstöð fyrir sig, í töflu 10 má sjá framleiðslulönd eftir heildarútsendingartíma í Ríkissjónvarpinu.

Tafla 10: Ríkissjónvarpið. Framleiðslulönd eftir heildartíma í Ríkissjónvarpinu

Framleiðsluland	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Ísland	45	344,20	65,19
Bandaríkin	3	87,42	16,56
Bretland	1	50,73	9,61
Ástralía	1	40,10	7,59
Önnur lönd	1	5,55	1,05
Samtals:	51	528,00	100,00

Hún endurspeglar ekki það sem kemur fram í töflu 9 hér á undan, þar sem að í Ríkissjónvarpinu er efni frá Íslandi með mestan hlutfallslegan heildartíma eða rúmlega 65 %. Efni frá Bandaríkjunum kemur þar á eftir með aðeins tæplega 17 %. Hin löndin hafa svo samanlagt tæplega 18 % af heildartímanum en það er þó nokkuð meira en þegar stöðvarnar eru skoðaðar saman.

Sé aftur á móti tafla 11 skoðuð en hún sýnir framleiðslulönd eftir heildartíma á Stöð 2, kemur í ljós að dæmið hefur breyst töluvert.

Tafla 11: Stöð 2. Framleiðslulönd eftir heildartíma á Stöð 2

Framleiðsluland	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Ísland	108	456,26	31,82
Bandaríkin	18	734,77	51,25
Bretland	2	54,23	3,78
Ástralía	2	45,43	3,17
Önnur lönd	7	143,13	9,98
Samtals:	137	1433,83	100,00

Á Stöð 2 eru Bandaríkin með tæplega 51 % af heildartímanum en Ísland aðeins með tæplega 32 %. Þetta sýnir að Ísland er með minnsta heildartímann á Stöð 2 af sjónvarpsstöðvunum þremur, því ef tafla 12 hér að neðan er skoðuð, sem sýnir heildartíma framleiðslulanda á Skjá Einum, er Ísland einnig með hærra hlutfall þar. Á Stöð 2 er efni sem framleitt er í Bandaríkjunum orðið meira en helmingurinn af heildartímanum, tæplega 51 %. Ef önnur lönd en Ísland og Bandaríkin eru lögð saman eru þau rétt tæplega 17 % af heildartíma Stöðvar 2.


Á Skjá Einum er fjölbreytninni í framleiðslulöndum efnisins ekki fyrir að fara eins sést í töflu 12 sem sýnir framleiðslulönd eftir heildartíma á Skjá Einum.

Tafla 12: Skjár Einn. Framleiðslulönd eftir heildartíma á Skjá Einum

Framleiðsluland	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Ísland	65	284,25	46,23
Bandaríkin	10	330,57	53,77
Bretland	0	0,00	0,00
Ástralía	0	0,00	0,00
Önnur lönd	0	0,00	0,00
Samtals:	75	614,82	100,00

Á Skjá Einum eru einungis tvö lönd sem framleiða alla dagskrána en það eru Bandaríkin og Ísland. Bandaríkin eru með tæplega 54 % af heildartímanum en Ísland er með rétt rúmlega 46 %. Þrátt fyrir að bandarísk framleiðsla sé mest af heildartímanum á Skjá Einum af sjónvarpsstöðvunum er íslensk framleiðsla meiri hluti af heildartímanum á Skjá Einum en á Stöð 2 (sjá töflu 11). Ástæðu þess er erfitt að segja til um, en nefna má að eins og áður hefur komið fram eru auglýsingar stór hluti efnisins á Skjá Einum og þær eru í flestum tilvikum framleiddar á Íslandi. Það er því hugsanlegt að auglýsingar hífi að nokkru leyti upp hlutfall íslenska efnisins á Skjá Einum.

Að lokum er vert að skoða samanburð milli sjónvarpsstöðva og mismunandi uppruna efnis til að fá yfirsýn yfir umræðuna sem hefur farið fram hér á undan. Á mynd 4 er tekinn fyrir samanburður milli sjónvarpsstöðva eftir hlutfalli framleiðslulands.



Mynd 4: Samanburður milli sjónvarpsstöðva eftir hlutfalli framleiðslulands.

Ríkissjónvarpið er með mest hlutfallslega af heildartíma dagskrár sinnar af íslenski framleiðslu en Stöð 2 er með minnst. Þegar efni sem upprunnið er í Bandaríkjunum er skoðað er Ríkissjónvarpið með minnsta hlutfallslega heildartímann af bandarísku efni, en munurinn á Stöð 2 og Skjá Einum er ekki svo mikill. Ríkissjónvarpið er með mestan hlutfallslegan heildartíma af efni upprunnu í Bretlandi og Ástralíu, en Stöð 2 er með mestan hlutfallslega heildartímann af efni frá öðrum framleiðslulöndum en tilgreind eru sérstaklega í þessari rannsókn.

4.4 Hlutfall íslensks og erlends efnis í íslensku sjónvarpi

Aðrar rannsóknir hérlendis á þessu sviði, þ.e.a.s. að skoða uppruna og tegundir sjónvarpsefnis, hafa einkum verið á vegum Hagstofu Íslands, en hún heldur til haga tölum yfir t.d. hlutfall erlends og innlends efnis og hefur gert allar götur síðan að sjónvarpsútsendingar hófust á Íslandi árið 1966. Ef skoðaðar eru tölur frá þessari öld,

nánar tiltekið frá árunum 2000-2004 kemur í ljós að hlutfall innlends og erlends sjónvarpsefnis hefur sveiflast töluvert milli ára á sjónvarpsstöðvunum (Hagstofa Íslands, 2006). Athyglisvert verður að sjá hvort að það sama verði uppi á teningnum þegar gögnin sem aflað var við gerð þessarar rannsóknar verða skoðuð.

Tafla 13: Tölur frá Hagstofu Íslands. Hlutföll innlends og erlends efnis eftir sjónvarpsstöðvum á Íslandi

Ár	Innlent, %			Erlent, %		
	Ríkissjónvarpið	Skjár 1	Stöð 2	Ríkisútvarpið	Skjár Einn	Stöð 2
2000	33 %	46 %	24 %	67 %	54 %	76 %
2001	34 %	30 %	21 %	67 %	70 %	79 %
2002	41 %	24 %	25 %	59 %	76 %	75 %
2003	48 %	25 %	20 %	53 %	75 %	80 %
2004	50 %	14 %	20 %	50 %	86 %	80 %

Það er tekið fram í tengslum við þessar tölur frá Hagstofunni í töflu 1 að inn í þær reiknast ekki þær stundir sem fóru í auglýsingar, fjarsöluþætti, uppfyllingar og dagskrárkynningar. Einnig hefur Hagstofan gert rannsóknir þar sem sjónvarpsefni er flokkað niður í einstaka efnisflokkar en flokkarnir eru töluvert frábrugðnir þeim sem er stuðst við í þessari rannsókn og því lítið hægt að styðjast við þá þegar rætt er um efnið síðar (Hagstofa Íslands, 2006).

Í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur, er að finna ýmsar skilgreiningar á efni. Þar er ein athyglisverðasta skilgreiningin sú að til að efni geti talist íslenskt verður að vera töluð íslenska í því. Þá verður efnið einnig að vera framleitt af íslenskum aðilum með aðsetur á Íslandi, eða þá að íslenskir aðilar hafi átt mikinn þátt í framleiðslu efnisins. Í töflu 13 má sjá hvernig skiptingin er milli efnisatriða í íslensku sjónvarpi.

Tafla 14: Uppruni efnis í sjónvarpi á Íslandi

Tegund efnis	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Erlent efni	40	1414,18	54,88
Öðru skilyrði fullnægt	16	173,23	6,72
Íslenskt efni	207	989,23	38,39
Samtals:	263	2576,64	100,00

Í þessari töflu telst íslenskt efni vera það efni sem fullnægir skilgreiningunni sem nefnd var hér að ofan og skoðað var nánar í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur. Efni sem telst fullnægja öðru skilyrði, eins og það er orðað í töflunni, er það efni sem er annað hvort framleitt á Íslandi eða er með íslensku sem tungumál. Fullnægir sem sagt bara öðru skilyrði þess að geta talist íslenskt efni. Efni sem telst erlent í þessari töflu er því augljóslega efni sem fullnægir hvorki því skilyrði að í því sé töluð íslenska né að það sé framleitt á Íslandi.

Niðurstöðurnar í töflu 14 eru nokkuð merkilegar vegna þess að hlutfallslega meira er af erlendu efni í íslensku sjónvarpi en er af íslensku efni og er munurinn töluverður. Ástæður þessa eru ekki ljósar nema hvað að enn einu sinni má benda á að í íslensku sjónvarpi er afþreyingarefni hlutfallslega mest á dagskrá sjónvarpsstöðvanna og sú tegund efnis er að mestu leyti á ensku og framleitt erlendis. Þá er það oft nefnt að dýrt sé að framleiða íslenskt sjónvarpsefni vegna þess hve efnið væri þá framleitt fyrir svo lítinn markhóp sem íslenska þjóðin er, um þetta er þó ekki fullyrt hér.

Í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur, er einnig minnst á að í raun teljist efni eins og íþróttir, íþróttufréttir, fréttir, veður, fréttatengt efni og auglýsingar ekki til eiginlegs útsendingartíma, þ.e.a.s. þegar verið er að mæla hlutfall íslensks efnis af útsendingartíma sjónvarpsstöðvanna. Í töflu 15 er nákvæmlega það sama til skoðunar og í töflu 14, nema að nú er búið að taka út efnistegundirnar fjórar sem ekki myndu teljast til útsendingartíma samkvæmt skilgreiningunni á efni sem telst til

útsendingartíma og skoðuð var í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur. Það eru: íþróttir og íþróttafréttir; fréttir, veður og fréttatengt efni; auglýsingar og annað.

Tafla 15: Uppruni efnis sem telst til útsendingartíma í íslensku sjónvarpi

Tegund efnis	N (fjöldi færslna)	Tími í mínútum	Hlutfall af heildartíma (%)
Erlent efni	36	1398,52	73,64
Öðru skilyrði fullnægt	5	77,75	4,09
Íslenskt efni	11	422,94	22,27
Samtals:	52	1899,21	100,00

Enn meira hallar á íslenskt efni þegar þessar fjórar efnistegundir sem nefndar voru hafa verið teknar út. Íslenskt efni er nú komið niður í rúmlega 22 % af heildartímanum en erlenda efnið er komið upp í tæp 74 %. Samkvæmt útvarpslögum, sem áður hefur verið minnst á í þessum kafla og eru enn frekar reifuð í kafla 3, Aðferð og fræðilegur bakgrunnur, eiga íslenskar sjónvarpsstöðvar að reyna eftir fremsta megni að hafa meiri hluta dagskrár sinnar á íslensku. Ljóst er hins vegar að hvort sem horft er á töflu 14, sem sýnir heildaryfirlit yfir hversu mikið efni í sjónvarpi er íslenskt og hversu mikið erlent, eða töflu 15, þar sem ítarlegri skilgreining er notuð á útsendingartíma, þá er erlent efni í meirihluta í íslensku sjónvarpi.

Kafli 5: Umræður og lokaorð

Eins og áður hefur komið fram var ætlunin með þessari rannsókn að búa til og prófa greiningarramma sem mögulegt væri að nota fyrir stærri rannsókn á þessu sama sviði um dagskrárgerð í íslensku sjónvarpi. Niðurstöðurnar sem hér verða ræddar í þessum kafla eru því ekki aðalatriðið sem á að skoða í þessari rannsókn. Í raun ber að taka þeim varlega þar sem að einungis var einn dagur til skoðunar en æskilegt væri að gera ítarlegri og umfangsmeiri skoðun á þessu efni. Hins vegar verður ekki annað séð en að tekist hafi að búa til greiningarramma sem virkar vel og því í raun takmarkinu náð, auk þess var mjög áhugavert að vinna úr og skoða gögnin um dagskrá Ríkissjónvarpsins, Skjás Eins og Stöðvar 2 sem fengust við notkun greiningarrammans.

Ljóst er að mikill munur er á efnistöfum sjónvarpsstöðvanna þriggja sem skoðaðar voru í þessari rannsókn, ef tekið er mið af þessum eina degi sem skoðaður var. Ríkissjónvarpið hafði fræðsluefni ásamt fréttum, veðri og fréttatengdu efni hlutfallslega mest á dagskrá sinni, ekki langt þar á eftir kemur afþreyingarefni (annað en kvikmyndir). Stöð 2 var hins vegar með afþreyingarefni (annað en kvikmyndir) mest á dagskrá sinni, en kvikmyndir voru einnig töluverður hluti af dagskrá stöðvarinnar, þar á eftir komu fréttir, veður og fréttatengt efni. Skjár Einn skar sig nokkuð úr frá hinum stöðvunum þar sem þeir voru einungis með afþreyingarefni (annað en kvikmyndir) og auglýsingar á dagskrá sinni. Afþreyingin var þar alls ráðandi enda takmarkað hversu mikið má sýna af auglýsingum eða fjarsöluinnskotum á degi hverjum. En hér má segja að þegar horft er á þessar niðurstöður um hlutfall efnisatriða, að góð svör hafi fengist við þeirri spurningu hvert væri raunverulegt hlutfall efnisatriða á sjónvarpsstöðvunum þremur.

En þá vikur sögunni að því hvaða tungumál er oftast talað í íslensku sjónvarpi. Það kemur eflaust nokkuð á óvart að það er enska sem er ráðandi í íslensku sjónvarpi en ekki íslenskan. Enska er aðal tungumálið á meira en helmingi efnis sem sýnt er í íslensku sjónvarpi. Íslenskan fylgir á eftir enskunni, en önnur tungumál voru í mun minni mæli en þessi tvö. Það er einnig þannig að sjónvarpsstöðvarnar eru misjafnlega staðsettar hvað varðar tungumál á efni sínu. Í Ríkissjónvarpinu er íslenskan áberandi mikil og nær því að vera á meiri helmingi efnisins, en á Stöð 2 er enska hins vegar í meiri hluta efnisins hlutfallslega og það sama á við um Skjá Einn.

Minnst var á það að mikið af dagskrárefni sjónvarpsstöðvanna er afþreyingarefni, og afþreyingarefni er að miklu leyti fengið erlendis frá og þá aðallega frá enskumælandi löndum. Það er því eflaust ein af orsökum þess að enska er svo áberandi í íslensku sjónvarpi sem raun ber vitni.

Næsta viðfangsefni sem var skoðað, var frá hvaða framleiðslulöndum efnið sem birtist í íslensku sjónvarpi er fengið. Í ljósi þess að enska er mjög áberandi tungumál í íslensku sjónvarpi þarf því ekki að koma á óvart að mest af efninu er framleitt í Bandaríkjunum. Efni framleitt á Íslandi fylgir þar fast á eftir en Bretland og Ástralía komu þar á eftir en með mun minna hlutfallslega af efni en Bandaríkin og Ísland. Það er því sennilega ekki bara sögusögn að bandarískra áhrifa gæti í íslensku sjónvarpi. Eins og áður voru sjónvarpsstöðvarnar skoðaðar hver fyrir sig og kom þar í ljós að Ríkissjónvarpið stendur sig hlutfallslega best í því að bjóða upp á efni framleitt á Íslandi og var meiri hluti efnis á stöðinni framleitt á Íslandi. Á Stöð 2 og Skjá Einum var hins vegar meirihluti efnis frá Bandaríkjunum og fylgdi Ísland svo þar á eftir.

Þessu nátengt var í inngangi velt upp þeirri spurningu hvað efni þyrfti að uppfylla til að vera íslenskt. Í raun var þeirri spurningu svarað áður en gögnin sem slík voru skoðuð enda nauðsynlegt að hafa slíkt á hreinu við úrvinnslu þeirra. En samkvæmt

mjög einfaldaðri skilgreiningu í íslenskum lögum þarf efni að vera að meirihluta framleitt á Íslandi, eða að aðilar með lögfestu á Íslandi hafi yfirumsjón með framleiðslu þess. Að auki, var við gerð þessarar rannsóknar, því bætt við þessa skilgreiningu í lögum á íslensku efni að í því yrði að vera töluð íslenska að meirihluta og var stuðst við þá skilgreiningu við greiningu efnisins.

Þetta leiðir svo að þeirri spurningu sem síðast var til skoðunar í inngangi rannsóknarinnar um hversu mikið hlutfall sé af íslensku og erlendu efni í íslensku sjónvarpi. Í upphafi einbeitti Ríkissjónvarpið að því að vera með íslenskt efni á dagskránni með þáttum á borð við Stundina okkar og Nýjustu tækni og vísindi. Stöð 2 lagði einnig mikla áherslu á íslenskt efni með þáttum á borð við Í eldlínunni og Heilsubælið í Gervahverfi. Skjár Einn byrjaði einnig af álíka krafti með íslenskt efni en einhverra hluta vegna virðist hafa fjarað undan þessari stefnu hjá íslenskum sjónvarpsstöðvum. Staðan er sú að Ísland hefur staðið langt að baki nágrannalöndum okkar þegar kemur að innlendu efni í sjónvarpi. Ein veigamesta ástæða þess er eflaust hve markaðurinn hérna er lítill og dýrt að framleiða efni fyrir hann. Sé horft til þess eina dags sem skoðaður var í þessari rannsókn, kemur í ljós að verulega hallar á íslenska efnið, íslenskt efni nær því ekki að vera helmingur af sjónvarpsefni íslensku sjónvarpsstöðvanna sé litið á heildina. Þegar að teknar eru út efnistegundir sem samkvæmt lögum teljast ekki til útsendingartíma (fréttir, veður, íþróttir o.fl) hallar svo enn frekar á íslenska efnið og nær það því ekki að vera þriðjungur efnis sem sýnt er í íslensku sjónvarpi. Erlent efni er ráðandi í íslensku sjónvarpi, samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar, og það er eflaust áhyggjuefni enda er kveðið á um það í lögum að í íslensku sjónvarpi skuli kappkostað að hafa sem mest af efninu íslenskt.

Við gerð þessarar rannsóknar kom í ljós að ekki hafa verið gerðar margar óháðar rannsóknir á efni sjónvarpsstöðva hérlendis. Vissulega hafa aðilar eins og Hagstofa

Íslands og IMG Gallúp gert sitt besta til að halda greinargóða tölfræði yfir ýmislegt tengt íslensku sjónvarpi en þó mætti alveg gera meira. Það sem er á dagskrá í íslensku sjónvarpi hlýtur að varða þjóðina alla enda eru líklega langflestir landsmenn með sjónvarptæki og horfa reglulega á sjónvarp. Því ætti að rannsaka mun betur hvað það er sem raunverulega er á dagskrá í íslensku sjónvarpi.

Heimildaskrá:

Guðjón Friðriksson (2000). *Nýjustu fréttir: Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík: Iðunn.

Hagstofa Íslands (e.d.). Sótt 27. apríl 2006, frá <http://www.hagstofa.is/>

IMG Gallup (e.d.). Sótt 27. apríl 2006, frá <http://www.gallup.is/index.jsp>

Lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 47/1995.

Petersson, Lars og Pettersson, Áke (2000). *Fjölmiðlafræði* (Adolf Petersen, þýddi).

Reykjavík: Mál og menning.

Reglugerð um skilgreiningu á hvað telst vera evrópskt sjónvarpsefni nr. 911/2000.

Sjónvarpsnefnd (1964). *Íslenskt sjónvarp*. Reykjavík: Sjónvarpsnefnd.

Þorbjörn Broddason (1996). *Television in Time*. Lund: Lund University Press

Þorbjörn Broddason (2005). *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Útvarpslög nr. 53/2000.